# *Nr. 052 / 16 Eldey BA 96*

## *Olíulaus og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 6605
*Útgerð:* Bragi Ragnarsson
*Smíðaður:* Hafnarfirði 1985, Trefjaplast
*Stærð:* 5,3 brl. 4,95 bt.
*Mesta lengd:* 7,98 m *Skráð lengd:* 7,9 m
*Breidd:* 2,56 m *Dýpt:* 1,38 m
*Vél:* Volvo Penta 119 kW, árg.:1998
*Fjöldi skipverja:* 1



Eldey©NN

***Gögn:***
*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 7. júní 2016 var Eldey BA 96 á strandveiðum í mynni Patreksfjarðar. Veður: V 3 - 4 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélavana og óskað var eftir aðstoð. Haft var samband við Hilmir SH 197 sem dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að báturinn reyndist vera olíulaus;
- að skipstjórinn var með bátinn í sinni annarri veiðiferð og kvaðst hafa fengið upplýsingar frá fyrri eiganda hans um að olíumælirinn sýndi ekki rétt;
- að í ljós kom svo að olíumælirinn reyndist vera réttur.

### *Nefndarálit:*

Orsök atviksins var þekkinga- og athugunarleysi.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að ekki sé farið í ferð nema gengið sé úr skugga um að nægjanlegt eldsneyti sé um borð fyrir ferðina.